



Árið 2025, fimmtudaginn 31. júlí, kom úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála saman til fundar í húsnæði nefndarinnar að Borgartúni 21, Reykjavík. Mætt voru Arnór Snæbjörnsson formaður, Geir Oddsson auðlindafræðingur, Karólína Finnbjörnsdóttir lögmaður og Þorsteinn Sæmundsson jarðfræðingur. Aðalheiður Jóhannsdóttir prófessor tók þátt í fundinum í gegnum fjarfundabúnað.

Fyrir var tekið mál nr. 127/2024, kæra á ákvörðun sveitarstjórnar Rangárþings ytra frá 16. október 2024 um að veita framkvæmdaleyfi vegna Hvammsvirkjunar.

Í málinu er nú kveðinn upp til bráðabirgða

úrskurður um kröfu hluta kæranda um stöðvun framkvæmda:

Með fimm bréfum til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála kæra Vigdís Erlendsdóttir, Kristín Ása Guðmundsdóttir, Margrét Erlendsdóttir, Eiríkur Jónsson, Ólafur Jónsson, Árdís Jónsdóttir, Sigprúður Jónsdóttir og Jón Marteinn Finnbogason félagar í Veiðifélagi Kálfár, þá ákvörðun sveitarstjórnar Rangárþings ytra frá 16. október 2024 að veita Landsvirkjun framkvæmdaleyfi vegna Hvammsvirkjunar. Einnig kærir Anna Björk Hjaltadóttir frá Fosnesi téða ákvörðun til nefndarinnar sem og þau Oddur Bjarnason og Hrafnhildur Ágústsdóttir, ábúendur á Stöðulfelli, Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Bárust umræddar kærur úrskurðarnefndinni 23. október 2024 og voru þær allar samhljóða. Með bréfi til úrskurðarnefndarinnar, dags. 23. október 2024, er barst nefndinni sama dag, kæra NASF á Íslandi, Náttúrugrið og Náttúruverndarsamtök Íslands sömu ákvörðun. Einnig kæra samtökin ætluð brot á þátttökurétti almennings í mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Verða framangreind kærumál, sem eru nr. 129, 133, 136, 138, 140, 142 og 144/2024, sameinuð máli þessu enda þykja hagsmunir kæranda ekki standa því í vegi.

Gögn málsins bárust úrskurðarnefndinni frá Rangárþingi ytra 25. nóvember 2024. Meðferð málsins fyrir nefndinni var frestað með bréfi, dags. 11. febrúar sl. Þeirri frestun var aflétt í framhaldi af dómi Hæstaréttar frá 9. júlí 2025 í máli nr. 11/2025. Viðbótargögn bárust 18. júlí s.á. og síðar.

Hluti kæranda þessa máls krafðist þess með bréfi, dags. 27. júlí 2025, er barst nefndinni 28. s.m. að yfirstandandi framkvæmdir samkvæmt hinu kærða leyfi yrðu stöðvaðar, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Verður nú tekin afstaða til framkominnar stöðvunarkröfu.

Málavextir og málsrök: Landsvirkjun hefur um árábil unnið að undirbúningi Hvammsvirkjunar, vatnsaflsvirkjunar sem fyrirhuguð er á Þjórsár- og Tungnaársvæðinu. Hinn 19. ágúst 2003 lá fyrir úrskurður Skipulagsstofnunar um að fyrirhuguð virkjun í einu eða tveimur þrepum myndi ekki hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif þegar tekið hefði verið tillit til nánar tilgreindra skilyrða. Með úrskurði umhverfisráðherra 27. apríl 2004 var úrskurður stofnunarinnar staðfestur með ákveðnum skilyrðum. Matsskýrsla

framkvæmdarinnar hefur verið endurskoðuð að hluta til, sbr. álit Skipulagsstofnunar um áhrif Hvammsvirkjunar á annars vegar landslag og ásýnd og hins vegar útivist og ferðabjónustu, dags. 12. mars 2018.

Með ákvörðun Fiskistofu frá 14. júlí 2022 var Landsvirkjun veitt heimild til framkvæmda við Hvammsvirkjun í Þjórsá og byggingu mannvirkja henni tengdri, skv. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Þeirri ákvörðun var skotið til úrskurðarnefndarinnar en með úrskurði nefndarinnar, uppkveðnum 31. ágúst 2023 í máli nr. 76/2023, var kærinni vísað frá þar sem hún barst að liðnum kærufresti.

Hinn 9. apríl 2024 veitti Umhverfisstofnun Landsvirkjun heimild, skv. 18. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, til breytingar á vatnshlotinu Þjórsá 1 vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Hvammsvirkjun. Hinn 12. september s.á. gaf Orkustofnun út virkjunarleyfi vegna virkjunarinnar. Í því kom fram að það fæli í sér heimild til að nýta vatnsafl til raforkuframleiðslu með þeim skilyrðum sem tilgreind væru í leyfinu, raforkulögum nr. 65/2003 og reglugerð nr. 1040/2005 um framkvæmd raforkulaga. Tók leyfið til miðlunar, veitingar og nýtingar vatns í Þjórsá í samræmi við ákvæði vatnalaga. Í skilyrðum með leyfinu kom m.a. fram að það einskorðaðist við allt að 95 MW virkjun með þeim staðarmörkum mannvirkja sem lýst væri í samþykktu deiliskipulagi fyrir virkjunina. Einnig var tekið fram að leyfið tæki til stíflunar Þjórsár skammt ofan við Viðey (Minnanúpshólma) og myndunar allt að 4 km² inntakslóns, Hagalóns. Virkjunarleyfi þetta var kært til úrskurðarnefndarinnar.

Á fundi sveitarstjórnar Rangárbings ytra 16. október 2024 var samþykkt umsókn Landsvirkjunar um framkvæmdaleyfi fyrir Hvammsvirkjun. Við afgreiðsluna lá m.a. fyrir sameiginleg greinargerð Rangárbings ytra og Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Hinn 24. s.m. samþykkti sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps einnig að veita framkvæmdaleyfi vegna virkjunarinnar. Framkvæmdaleyfi Rangárbings ytra vegna Hvammsvirkjunar var gefið út 29. október 2024. Samkvæmt því er leyfið bundið við þær framkvæmdir sem fjallað er um í umsókn um leyfi og tilgreindar eru á teikningum er fylgdu henni, fjallað er um í umhverfismati og eru í samræmi við skipulag.

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 15. janúar 2025 í máli E-2457/2024, Brynhildur Briem o.fl. gegn íslenska ríkinu og Landsvirkjun, var ógilt ákvörðun Umhverfisstofnunar frá 9. apríl 2024. Var með dómnum einnig ógilt virkjunarleyfi Hvammsvirkjunar frá 12. september s.á. Með bréfi úrskurðarnefndarinnar til aðila þessa máls, dags. 11. febrúar 2025, var meðferð allra kærumála sem vörðuðu virkjunarleyfi og framkvæmdaleyfi fyrir Hvammsvirkjun frestað þar til endanleg niðurstaða dómstóla lægi fyrir um gildi virkjunarleyfis til framkvæmdarinnar. Með dómi Hæstaréttar uppkveðnum 9. júlí 2025, í máli nr. 11/2025, var niðurstaða héraðsdóms staðfest.

Hinn 11. júlí 2025, sótti Landsvirkjun um virkjunarleyfi til bráðabirgða til Umhverfis- og orkustofnunar vegna Hvammsvirkjunar í samræmi við 4. gr. a í raforkulögum nr. 65/2003, sbr. 1. gr. laga nr. 42/2025 um breytingu á raforkulögum og lögum um stjórn vatnamála. Um leið var þess óskað að stofnunin hæfi á ný málsméðferð við afgreiðslu á umsókn Landsvirkjunar um virkjunarleyfi og heimild til breytingar á vatnshloti vegna Hvammsvirkjunar. Má um þetta nánar vísa til fréttatilkynningar á vef Umhverfis- og orkustofnunar frá 21. júlí 2025.

Að gengnum dómi Hæstaréttar bárust úrskurðarnefndinni erindi frá hluta kærenda þar sem þess var krafist að „þegar í stað“ myndi ganga úrskurður um ógildingu framkvæmdaleyfa fyrir virkjuninni. Kom og fram að nú stæðu yfir framkvæmdir við undirbúning virkjunarinnar og

væri lítils virði ef framkvæmdir gætu haldið áfram þrátt fyrir dóm Hæstaréttar. Í framhaldi þessa aflétti úrskurðarnefndin frestun kærumálanna og var þeim kærur vegna virkjunarleyfisins, sem ekki höfðu verið afturkallaðar, vísað frá nefndinni með úrskurði 24. júlí 2025. Jafnframt var aðilum máls þessa gefið færi á því að koma á framfæri athugasemdum af þessu tilefni.

Í athugasemdum leyfisveitanda voru fyrri sjónarmið um margt áréttuð og þess krafist að ógildingu hins kærða leyfis yrði hafnað, en til vara að ekki yrðu felldar úr gildi heimildir til að halda áfram svonefndum undirbúningsframkvæmdum við Hvammsvirkjun, sem hefðu hafist í desember 2024 og áætlað væri að myndi ljúka í lok árs 2025. Þær varði uppsetningu vinnubúða, lagningu aðkomuvegar og aðra vegagerð innan framkvæmdasvæðis og efnisvinnslu fyrir vegagerð auk raf-, fjar- og hitavatnsveitu vinnubúða- og framkvæmdasvæðis. Var á það bent að þessar framkvæmdir væru eigi í eða við vatnsfarvegi og muni því hvorki hafa bein né óbein áhrif á vatnshlot, ástand vatnshlota eða umhverfismarkmið þeirra. Leyfishafi setti fram áþekka varakröfu í athugasemdum sínum og höfðaði til þess að úrskurðarnefndinni væri rétt að yfirfæra forsendur dóms Hæstaréttar á hið kærða framkvæmdaleyfi þannig að eftir myndu í því standa framkvæmdir sem ekki röskuðu ástandi vatns. Af hálfu bæði leyfisveitanda og leyfishafa var bent á að skammt væri í það að gefið yrði út virkjunarleyfi til bráðabirgða fyrir þeim undirbúningsframkvæmdum sem vísað væri til. Að auki var höfðað til meðalhófs, en umræddar framkvæmdir væru langt komnar og mikið tjón gæti hlotist af ógildingu leyfis. Lögð voru fram ýmiss gögn í framhaldi þessa sem vörðuðu tilhögun framkvæmda, þ.m.t. útboðsgögn vegna undirbúningsframkvæmda.

Í athugasemdum þeirra kæranda sem eru náttúruverndarsamtök var því mótmælt að umræddar undirbúningsframkvæmdir fælu ekki í sér áhrif á vatnshlot, en líklegt sé að grunnvatnshlot verði fyrir áhrifum af framkvæmdunum. Þá sé ekkert um það vitað hvort Umhverfis- og orkustofnun muni veita bráðabirgðaleyfi fyrir Hvammsvirkjun. Slík ákvörðun sé kæránleg og bendi margt til þess að hún uppfylli ekki ákvæði EES-gerða. Þá séu þau framkvæmdaleyfi sveitarfélaga sem um ræði ekki aðgreind í verkþætti, hvorki í tíma né rúmi, sem stutt geti við kröfu um að þau verði felld úr gildi að hluta. Sé því einnig mótmælt að um undirbúningsframkvæmdir sé að ræða. Vegna sjónarmiða um meðalhóf sé bent á að framkvæmdir hafi verið á ábyrgð og áhættu leyfishafa sem hafi mátt vera ljóst að lagaleg óvissa væri uppi um heimildir til þeirra.

Hinn 28. júlí 2025 kynnti úrskurðarnefndin sér aðstæður á vettvangi að viðstöddum fulltrúum kæranda, leyfisveitanda og leyfishafa.

Það var fyrst með bréfi, dags. 27. júlí 2025, sem móttékið var 28. s.m., að nokkrir kærendur máls þessa fóru fram á að yfirstandandi framkvæmdir samkvæmt hinu kærða leyfi, yrðu þegar stöðvaðar, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Var á það bent í bréfi þessu að þrátt fyrir að Landsvirkjun hafi sótt um bráðabirgðavirkjunarleyfi, hafi fyrirtækið frá 15. janúar 2025 staðið í framkvæmdum við Hvammsvirkjun í skjóli ógilds virkjunarleyfis og ógildrar ákvörðunar Umhverfisstofnunar. Var um leið bent á atriði sem varða truflun og óafturkræf áhrif framkvæmda, en ekki liggi fyrir að brýn nauðsyn standi til þess að raska eldhrauni með þeim hætti sem ráðgert sé með byggingu virkjunar sem ekki hafi virkjunarleyfi til þess að framleiða raforku skv. 1. mgr. 4. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Leitað var stuttlega viðhorfa annarra aðila þessa máls og leyfisveitanda um framkomna kröfu um stöðvun framkvæmda.

Í athugasemdum leyfishafa var m.a. bent á áhrif þess á forsendur verksamninga ef vinna við framkvæmdir muni tefjast, með flutningi vinnuvéla annað sem myndi skapa umtalsvert álag á vegi á svæðinu. Af hálfu Skeiða- og Gnúpverjahrepps var gerð ábending um að í þeim undirbúningsframkvæmdum sem nú eigi sér stað sé þegar búið að leggja alla vegi og plön. Ekki eigi eftir að fara inn á óröskuð svæði til viðbótar þeim svæðum sem þegar hafi verið unnið á. Á vegum og plönun sé einungis eftir að klára frágang efsta burðarlags. Efni í það sé tilbúið og hafi verið haugsett á fyrirhuguðu plani fyrir vinnubúðir. Engin nauðsyn sé því á því að fella úr gildi framkvæmdaleyfi á meðan framkvæmdaraðili bíði úrlausnar umsókna sinna um bráðabirgðaleyfi og nýtt virkjunarleyfi. Engin nauðsyn sé heldur á því að stöðva framkvæmdir. Um framkvæmdir í frárennslisskurði virkjunarinnar kom fram að grafa eigi niður á 96 metra yfir sjávarmáli og sé grunnvatnsstaða í kringum 89 metra og muni framkvæmdir með því ekki varða eða komast í snertingu við vatnshlot. Allt efni sem komið hafi upp úr skurðinum hafi verið nýtt í vegagerð og plön á svæðinu auk þess sem það hafi verið haugsett og sé fyrirhugað að nota í Búðarfossveg, sem sé á ábyrgð Vegagerðarinnar og tengist ekki framkvæmdaleyfi Hvammsvirkjunar.

Í athugasemdum þeirra kæranda sem eru náttúruverndarsamtök var af þessu tilefni m.a. bent á það með vísan til framlagðra gagna að auðsætt væri að undirbúningsframkvæmdirnar væru hluti virkjunarframkvæmda við Hvammsvirkjun og að ekki yrði fallist á fullyrðingar um að þær myndu engin áhrif hafa á grunnvatnshlot enda geti svo umfangsmiklar framkvæmdir augljóslega komið niður á gæðum grunnvatns og haft áhrif á grunnvatnshlot óháð því hvort grafið eða sprengt sé niður í sjálft grunnvatnsborðið. Vegna sjónarmiða um að miklir fjárhagslegir hagsmunir séu undir í málinu vegna verksamnings og framkvæmda sé bent á að sé litið til málsins í heild sé skýrt að þegar framkvæmdin hafi verið boðin út og skrifað undir verksamning við aðalverktaka hafi mikil réttaróvissa verið uppi um framkvæmdina um langan tíma og ágreiningur um hana fyrir dómstólum og úrskurðarnefndinni. Verði leyfishafi sjálfur að bera þann skaða sem hljótist af þeim augljósa möguleika að bæði virkjunar- og framkvæmdaleyfi fyrir virkjuninni verði ógild fyrir dómi eða úrskurðarnefnd og væri annað bæði lagalega og siðferðislega rangt og eigi ekkert skylt við meðalhófsreglu.

Niðurstaða: Í 5. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála segir að kæra til nefndarinnar fresti ekki réttaráhrifum ákvörðunar. Kærandi geti þó krafist úrskurðar um stöðvun framkvæmda til bráðabirgða séu þær hafnar eða yfirvofandi. Hefur úrskurðarnefndin til þess sjálfstæða heimild, en sú heimild er undantekning frá þeirri meginreglu að kæra fresti ekki réttaráhrifum ákvörðunar.

Samkvæmt lögum nr. 130/2011 er það skilyrði aðildar í málum fyrir úrskurðarnefndinni að kærandi eigi lögvarinna hagsmuna að gæta tengda viðkomandi ákvörðun, sbr. 3. mgr. 4. gr. laganna. Þeim kærendum sem um lögvarða hagsmuni vísa til veiðiréttarhagsmuna í Kálfá og Þjórsá verður játuð kæruaðild að máli þessu með sama hætti og í máli nefndarinnar nr. 3/2023 sem varðaði virkjunarleyfi Hvammsvirkjunar. Einn kæranda, Anna Björk Hjaltadóttir, telur hvorki til sambærilegra beinna né óbeinna eignarréttinda og þótt hún sé lögerfingi eiganda slíkra réttinda, að því hún hefur upplýst, veitir það henni ekki lögvarin réttindi þeim tengd. Verður kæru hennar því vísað frá nefndinni.

Umhverfisverndar-, útivistar- og hagsmunasamtök eiga lögvarinna hagsmuna að gæta þegar um er að ræða ákvarðanir um að veita leyfi vegna framkvæmda sem falla undir lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlaða, sbr. b-lið 3. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011, að nánar tilgreindum skilyrðum uppfylltum. Þeir kærendur sem eru náttúruverndarsamtök uppfylla þessi

skilyrði samkvæmt gögnum sem úrskurðarnefndin hefur kynnt sér og verður þeim því játuð aðild að máli þessu.

Með dómi Hæstaréttar uppkveðnum 9. júlí 2025 í máli nr. 11/2025 var sem áður er rakið staðfest niðurstaða Héraðsdóms Reykjavíkur frá 15. janúar s.á. í máli E-2457/2024 um ógildingu heimildar sem Umhverfisstofnun veitti 9. apríl 2024 til að breyta vatnshlotinu Þjórásá 1, á grundvelli a-liðar 1. mgr. 18. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála vegna fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar. Í dómi þessum var á það bent að skv. 3. mgr. 28. gr. laganna skuli leyfisveitandi tryggja við afgreiðslu umsóknar um leyfi til nýtingar vatns að það sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram komi í vatnaáætlun. Virkjunarleyfi fyrir vatnsaflsvirkjun var álitnið fela í sér leyfi til nýtingar vatns í skilningi þessa ákvæðis og með þeirri niðurstöðu að fella úr gildi veitta heimild til breytingar á vatnshlotinu var álitnið að grundvöllur virkjunarleyfisins hefði svo brostið að varðaði ógildingu. Með sama hætti verður að álíta að forsendur hins kærða framkvæmdaleyfis hafi með þessu brostið þannig það geti ekki staðið óraskað.

Af hálfu leyfisveitanda og leyfishafa hafa verið færð fram þau sjónarmið að með vísan til meðalhófs sé úrskurðarnefndinni rétt að fella hið kærða leyfi einungis úr gildi að hluta til. Hafa verið lögð fram nokkur gögn fyrir úrskurðarnefndina sem varða umfang svonefndra undirbúningsframkvæmda sem fela aðallega í sér að hafin er vinna við stærstan hluta frárennslisskurðs virkjunarinnar, hann er mótaður og nýttur sem efnisnáma, tekið er fullt þversnið skurðarins en hvorki í fulla dýpt eða lengd. Það efni sem við þetta losnar hefur verið notað í vegi og plön á framkvæmdasvæðinu en er að nokkru leyti haugsett. Þessar framkvæmdir eru að mestu eða öllu leyti óaðskiljanlegur þáttur í framkvæmdum við ráðgerða Hvammsvirkjun. Var þessum framkvæmdum einnig að því best verður ráðið lýst í virkjunarleyfi því sem ógilt var með dómi.

Um samþykki og útgáfu framkvæmdaleyfa eru fyrimæli í reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi. Þar kemur fram í 5. tl. 2. mgr. 7. gr. að með umsókn um framkvæmdaleyfi skuli fylgja fyrirliggjandi samþykki og/eða leyfi annarra leyfisveitenda sem framkvæmdin kann að vera háð samkvæmt öðrum lögum, ásamt upplýsingum um önnur leyfi sem framkvæmdaraðili er með í umsóknarferli eða hyggst sækja um. Fyrir þessu eru þau rök að ef framkvæmdaleyfi er samþykkt áður en fyrir liggur afstaða sérhæfðra leyfisveitenda, skapast sú hætta að skilmálar ólíkra leyfa reynist ósamrýmanlegir og vafi leiki á um lögmæti leyfis. Á þessum grundvelli hefur í úrskurðum úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála verið álitin eðlileg forsenda framkvæmdaleyfis hvort fyrir liggi afstaða sérhæfðs stjórnvalds hverju sinni, sjá úrskurði nefndarinnar í málum nr. 115/2012, nr. 25/2016 og nr. 58/2022 sem og í máli nr. 74/2023. Vegna sjónarmiða um hvort yfirfæra megi með einhverjum hætti forsendur téðs dóms Hæstaréttar á hið kærða framkvæmdaleyfi verður auk þess bent á að heimild til breytingar á vatnshloti, sbr. 18. gr. laga nr. 36/2011, sem um var fjallað í dóminum, er nú þáttur í virkjunarleyfi, sbr. 5. gr. laga nr. 42/2025 um breytingu á raforkulögum og lögum um stjórn vatnamála (flýtimeðferð og breyting á vatnshloti).

Í 5. gr. laga nr. 130/2011 segir að kæra til nefndarinnar fresti ekki réttaráhrifum ákvörðunar. Kærandi geti þó krafist úrskurðar um stöðvun framkvæmda til bráðabirgða séu þær hafnar eða yfirvofandi. Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 130/2011 segir um 5. gr. að í málum sem varði framkvæmdir sem hafi áhrif á umhverfið kunni kærueimild að verða þýðingarlaus ef úrskurðarnefndin hafi ekki heimild til að fresta réttaráhrifum hennar, þó sé mikilvægt að gætt sé að því að efnislegar forsendur liggi að baki kæru, þ.e. að horft sé til þess hversu líklegt sé að kæra breyti efni ákvörðunar.

Við meðferð þessa máls hefur verið upplýst um undirbúning að nýrri leyfisveitingu, en bætt hafi verið úr ágalla á löggjöf, sem um hafi verið fjallað í dómi Hæstaréttar. Hinn 11. júlí 2025 hafi verið sótt um virkjunarleyfi til bráðabirgða til Umhverfis- og orkustofnunar vegna Hvammsvirkjunar í samræmi við 4. gr. a í raforkulögum nr. 65/2003, sbr. 1. gr. laga nr. 42/2025. Umsóknin hafi eingöngu náð til svonefndra undirbúningsframkvæmda sem þegar væru hafnar og hefðu ekki áhrif á vatnshlot, þ.e. þeirra framkvæmda sem þess hefur verið krafist til vara í máli þessu að látnar verði óraskaðar. Fram hefur einnig komið að óskað hafi verið eftir því við Umhverfis- og orkustofnun að hafinn yrði undirbúningur að afgreiðslu umsóknar um nýtt virkjunarleyfi. Má um þetta nánar vísa til fréttatilkynningar á vef Umhverfis- og orkustofnunar frá 21. júlí 2025. Samkvæmt upplýsingum frá leyfisveitanda er fyrirséð að virkjunarleyfi til bráðabirgða verði gefið út um miðjan ágústmánuð.

Komi til þess að veitt verði virkjunarleyfi til bráðabirgða til þeirra undirbúningsframkvæmda við Hvammsvirkjun sem um hefur verið deilt fyrir úrskurðarnefndinni áður en mál þetta verður tekið til endanlegs úrskurðar verður væntanlega að nokkru barið í þá bresti sem sýnt hafa sig við meðferð þessa kærumáls. Myndu þá koma til nánari athugunar önnur þau sjónarmið sem kærendur í máli þessu hafa fært fram, m.a. um hvort leyfisveitandi hafi tekið afstöðu til þess hvort brýna nauðsyn bæri til að raska eldhrauni í þágu hinna kærðu framkvæmda, sbr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Að þessu virtu þykir rétt að svo stöddu að láta nægja að stöðva framkvæmdir samkvæmt hinni kærðu ákvörðun. Um leið er það á forræði leyfishafa hvort hann sækir um nýtt framkvæmdaleyfi fyrir undirbúningsframkvæmdum eða heldur til streitu kröfu í máli þessu um að hið kærða leyfi verði látið óraskað eða til vara fellt úr gildi að hluta til.

Meðal þess sem leyfisveitandi hefur bent á er að vinna við uppsetningu vinnubúða og tengdar framkvæmdir séu ekki háðar virkjunarleyfi. Að því virtu sem og staðsetningu vinnubúðanna, utan framkvæmdasvæðis, skal tekið fram að úrskurður þessi stendur ekki í vegi frekari framkvæmda við þær. Jafnframt þykir rétt að taka fram að úrskurðarnefndin gerir ekki athugasemd við að þrátt fyrir úrskurð þennan verði lokið við frágang efsta burðarlags á vegum og plönunum sem þegar eru á framkvæmdasvæðinu.

Úrskurðarorð:

Stöðvaðar eru framkvæmdir samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar Rangárþings ytra frá 16. október 2024 um að veita framkvæmdaleyfi vegna Hvammsvirkjunar.

Arnór Snæbjörnsson (sign)

Aðalheiður Jóhannsdóttir (sign)

Geir Oddsson (sign)

Karólína Finnbjörnsdóttir (sign)

Þorsteinn Sæmundsson (sign)